



# Fréttabréf FFA mars 2024

## Fréttir úr starfinu

Í febrúar voru farnar fjórar skíðaferðir á vegum FFA sem tókust allar afar vel. Fyrst var farið í Vaglaskóg, síðan í Skíðadal, á Vaðlaheiði og að lokum var farin fin skíðaferð eftir bökkum Eyjafjarðarár.

Stefnt er að því að fylgjast vel með skíðafæri næstu vikunnar og ef útlitið virðist gott þá verður farin ferð á laugardegi.

Grunnnámskeiði á utanbrautarskíðum lauk 6. febrúar og framhaldsnámskeiðið hófst 20. febrúar.

Kynning á sumarleyfisferðum og nokkrum helgarferðum 2024 var haldin 15. febrúar og var afar vel sótt enda er um áhugaverðar ferðir að ræða. [Skráning í allar ferðir FFA](#) er í fullum gangi.

Undirbúningur fyrir [hreyfihópa](#) vorsins og sumarsins er í fullum gangi.

Eftirfarandi verkefni eru ákveðin: Núvitund í náttúrunni. Puríður Helga Kristjánsdóttir leiðir það.

Svo er gönguverkefnið Komdu út og á fjöll í vinnslu með nýjum fararstjórum.

---

### **Minnum á aðalfund FFA 2024**

**mánudaginn 4. mars kl. 20:00 að Skipagötu 14, 4. hæð, Lionssalurinn**

---

### **OPIÐ HÚS**

**verður 7. mars kl. 20:00 í húsnæði FFA**

**við Strandgötu 23.**

**Hafís G. Pálsdóttir sýnir fallegar myndir víðs vegar að**

